



Framkvæmda- fréttir 6. tbl. /18



Stærsti stuðari á Íslandi. Þjónustustöð Vegagerðarinnar í Hafnarfirði hefur tekið í notkun stóra varnarþifreið með öryggispúða sem notaður verður sem árekstrarvörn við vinnu á umferðarmestu vegum svæðisins. Varnarþifreiðin er búin tveimur stefnuvirkum gulum viðvörunarljósum (merkjaskjöldum) sem blikka samtímis og gefa vegfarendum viðeigandi merki. Vonir standa til að öryggi starfsmanna og vegfarenda muni aukast til muna þegar þessi búnaður er í notkun. LBA

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni þriggja rannsóknarskýrsla. Finna má allar skýrslur á www.vegagerdin.is undir *Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur*.

Blöndun slitsterkrar brúarsteypu í steypubíl

Ólafur H. Wallevik, Björn Hjartarson og Jón E. Wallevik, NMÍ – Rannsóknastofa byggingariðnaðarins, desember 2017

Það liggur fyrir að með auknu umferðarálagi og auknum aldri brúarmannvirkja þarf að leggja ný slitlög á eldri brýr víða um land. Auk þess hefur verið lagt til að leggja sérstök slitlög á nýjar brýr í stað þess að efsta lag yfirbyggingar sé slitlag steypd með sömu blöndu og yfirbyggingin, eins og

venja hefur verið hérlendis. Endingargóð steypa var þróuð í þessu sambandi og notuð á Borgarfjarðarbrú. Steypan þar var hræð í steypustöðinni á staðnum. Hins vegar er ljóst að ekki er aðgangur að nægilega vel búnum steypustöðvum alls staðar þar sem endurnýjun er framundan. Lausn gæti því verið að blanda steypuna í steypubílum, en slík steypuframleiðsla er talsvert algeng í Evrópu, einkum í Bretlandi. Markmið þessa verkefnis er að kanna áhrif mismunandi steypubíla á gæði steypunnar og hvernig best er að standa að slíkri blöndun.

Til að átta sig betur á blöndunarvirkni í steypubíl voru gerðar tilraunir í reiknihermi með hjálp reiknilegrar

[Útboðsvefur.is](http://utboodsvefur.is) - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum [Útboðsvefur.is](http://Utboodsvefur.is) og vegagerdin.is en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 6. tbl. 26. árg. nr. 685 18. júní 2018

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
G. Pétur Matthíasson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
askrift@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng




Forskering í Dýrafirði 2. júní 2018.



Bráðabirgðavegur við Hófsá 31. maí 2018.



Niðurrekstrarplan við Mjólka 6. júní 2018.



Dýrafjarðargöng, staða framkvæmda 10. júní 2018. Búið er að sprengja samtals 2.557 m sem er um 48,3% af heildarlengd.



Steypa blönduð í steypubíl við Blöndubríu.

straumfræði. Í skýrslunni er lýst hvernig þessir reikningar eru settir upp og gerðir. Til að framkvæma reikningana þarf ofurtölvu og voru reikningarnir gerðir í ofurtölvunni Garðari sem staðsett er í Háskóla Íslands. Meðal niðurstaðna sem líkanið skilaði var að til að hámarka blönduvirknina var best að halda sig við u.þ.b. 3 rúmmetra af steypu í hverri blöndu. Í framhaldinu voru gerðar tilraunablöndur í fullum skala í steypubíl. Gerðar voru þrjár tilraunir, sú fyrsta til þess að fá úr því skoríð hvort yfir höfuð væri hægt að gera svona blöndur og í þeim tveimur síðari var blöndunaraðferðin þróuð.

Niðurstöður verkefnisins er að hægt er að blanda hágæða brúarsteypu í steypubíl með nægilegum afköstum og án


nokkurra vandkvæða, ef vel er staðið að undirbúningi. Hefur það til dæmis verið gert við steypuframléiðslu í slitlag á Blöndubríu (við Blönduós). Fram kemur að í slíkum verkefnum sé hins vegar nauðsynlegt að nota seigjumæli til að stýra vatnsmagni.

Ástand spennikapla í steiptum brúm – áfangaskýrsla 2: Ástandsmat á völdum brúm í íslensku vegakerfi

Kristján Steinn Magnússon og Baldvin Einarsson, Efla., desember 2017

Í fyrsta áfanga þessa verkefnis voru teknar saman upplýsingar um aðferðir sem nota má við mat á ástandi spennikapla í steiptum brúm og metið hverjar þeirra henti best við skoðun á ástandi kapla hérlendis. Í þessum áfanga voru valdar 12 brýr, sem byggðar voru á tímabilinu 1980 til 2010 og þær metnar út frá staðfærðum breskum matslykli fyrir ástand eftirspenntra brúa. Í kerfinu er byrjað á áhættugreiningu, en í henni felst söfnun og rýni viðeigandi gagna fyrir viðkomandi brú. Þá er gert áhættumat, en tilgangur þess er m.a. að ganga úr skugga um að eigendur og rekstraraðilar brúarmannvirkisins hafi skilning og þekkingu á þeim áhættuþáttum sem eru til staðar fyrir mannvirkni og að auðvelda val á viðeigandi leiðum til áhættustýringar á líftíma þess. Þetta áhættumat, sem lýst er ítarlega í skýrslunni, skilar stigum sem nota má til að forgangsraða úttektum og viðgerðum.

Fram kemur að töluvert vantaði af gögnum sem gátu varpað ljósi á ástand þeirra 12 brúa sem skoðaðar voru. En miðað við fyrirliggjandi upplýsingar benti matslykillinn til að þrjár brýr skæru sig úr og er lagt til að þær verði



Laxá í Dölum, teikning af einni þeirra brúa sem voru skoðaðar m.t.t. ástands spennikapla..

skoðaðar nánar með þeim aðferðum sem bent var á í fyrsta áfanga verkefnisins.

Í skýrslunni er einnig settur fram samanburður á breskri verklýsingu fyrir uppennu og grautun í kapalrör og þeirri sem unnið hefur verið eftir hételendis (Alverk '95) auk nýrrar verklýsingar sem er í vinnslu hjá Vegagerðinni. Farið er yfir kröfur um grautinn, ídráttarrörin, spennikapla og framkvæmd uppennu og dreginn fram áherslumunur verklýsinganna. Einnig eru í skýrslunni listuð upp þau gögn sem mikilvægt er að halda upp á fyrir brýr, í tengslum við ástandsmat á líftíma þeirra.

Samband lektar og bergstyrks í storkubergi

Guðjón Helgi Eggertsson, University of Liverpool, desember 2017

Eiginleikar bergs eru mjög gjarnan rannsakaðir inni á rannsóknarstofum. Algengt er að mæla bæði einásastyrk og lekt bergsins og setja fram samband þess við póruhlutfall sýnisins. Þóru eru blöður, holur eða sprungur sem eru í berginu. Þóruhlutfall segir þess vegna aðeins til um hversu opið bergið er, en ekki til um eiginleika þórunna. Stærð blaðra í berginu og hversu sprungið það er getur haft mikil áhrif á eiginleika þess. Engu að síður hefur verið sýnt frammá samband milli póruhlutfalls og bergstyrks. Að sama skapi hefur verið sýnt frammá samband póruhlutfalls og lektar í berginu. Fyrir storkuberg getur þetta verið mikil einföldun, því myndun þess og þróun getur verið mjög mismunandi og þar af leiðandi er ekki endilega hentugt að áætla bergstyrk eða lekt út frá póruhlutfalli bergsins.

Í þessu verkefni var kannað hvort samband væri milli lektar og bergstyrks í storkubergi sem kemur frá Kröflu. Gerðar voru lektarmælingar og mældur einásastyrkur á sýnunum. Í áður útgefnu efni um bæði einásastyrk og lekt kemur fram að fyrir ofan 20% póruhlutfall breytist bergstyrkur og lekt lítið. Fyrir neðan 20% póruhlutfall er bergstyrkurinn hins vegar mjög breytilegur og lektinn einnig. Niðurstöður úr prófunum á bergi frá Kröflu sýna að bergstyrkurinn og lektin falla innan þessa ramma.

Niðurstöðurnar benda til þess að það sé samband milli lektar og bergstyrks í storkubergi. Frekari rannsóknir er þó þörf til skera úr um það. Þetta gefur þó góða vísbendingu um að hægt væri að mæla lekt úti í mörkinni og nota hana til þess að meta bergstyrk. Sú leið væri mun ódýrari en hefðbundnar boranir, ásamt því að borun skilar oft fáum sýnum og takmörkuðum upplýsingum um allan bergmassann. Lektarmælingar víðs vegar um bergið gætu hins vegar skipt hundruðum og þar með væri hægt að meta frekar heildardreifingu bergstyrks innan bergmassans.



Tiny Perm mælir sem notaður var til lektarmælinga.

Niðurstöður útboða

Skaftártunguvegur (208), vegur um Eldvatn 18-076

Tilboð opnuð 23. maí 2018. Nýbygging Skaftártunguvegar 208, um Eldvatn í Skaftárhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, ásamt jarðvinnu sem nauðsynleg er vegna byggingar nýrrar brúar yfir Eldvatn.

Nýr vegkaflí verður 920 m að lengd og mun liggja af Hringvegi (1-a8), um nýja brú á Eldvatn og inn á núverandi Skaftártunguveg við Eystri Ása.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	28.000 m ³
Fyllingar	20.100 m ³
Styrktarlag, óunnið	4.750 m ³
Burðarlag	1.700 m ³
Tvöföld klæðing	730 m ²
Frágangur fláa	24.800 m ²
Vegrið	252 m
Rofvarnarefni	6.000 m ³

Jarðvinnu vegna brúarsmiði skal vera lokið fyrir

01.02.2019. Útlögn klæðingar skal lokið fyrir 01.09.2019 og verkinu öllu skal að fullu lokið fyrir 01.11.2019.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2	Munck Íslandi ehf., Kópavogi	197.314.982	209,9	111.582
---	Áætlaður verktakakostnaður	94.000.000	100,0	8.267
1	Framrás ehf., Vík	85.733.000	91,2	0

Reykjanesbraut (41), vegamót við Hafnarfjarðarveg 18-066

Tilboð opnuð 29. maí 2018. Breytingar á vegamótum Reykjanesbrautar og Fjarðarhrauns við Kaplakrika í Hafnarfirði. Verkið felst í tvöföldun vinstri beygju frá Fjarðarhrauni inn á Reykjanesbraut til austurs og nýrri aðreina meðfram Kaplakrikalæk.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	2.150 m ³
Styrktarlag	1.600 m ³
Burðarlag	600 m ³
Malbikun	7.400 m ²
Kantsteinar	1.000 m
Vegrið	880 m
Stoðveggur	60 m
Steyptur kransi við enda undirganga	

Breytingum í vegamótum skal vera lokið 20. ágúst 2018. Frágangi utan vega skal vera lokið 30. september 2018.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
Engin tilboð bárust.				



Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði


Mat á umhverfisáhrifum - tillaga að matsáætlun hefur verið kynnt

Vegagerðin hefur sent Skipulagsstofnun til ákvörðunar tillögu að matsáætlun varðandi framkvæmdina Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði, í Vesturbýggð og Ísafjarðarbæ, í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Tillöguna má sjá á vef Vegagerðarinnar undir *framkvæmdir/umhverfismat/matsáætlanir*.

Fyrirhugað er að endurbýggja Vestfjarðaveg (60) um Dynj-

andisheiði, á kafla sem nær frá Hörgsnesi í Vatnsfirði, langleiðina að Mjólkársvirkjun í Borgarfirði. Einnig er fyrirhugað að endurbýggja Bíldudalsveg (63) á kafla sem nær frá Bíldudalsflugvelli á Hvassnesi að Vestfjarðavegi í Helluskarði á Dynjandisheiði. Framkvæmdin er í tveimur sveitarfélögum, Vesturbýggð og Ísafjarðarbæ. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða. Hún, ásamt Dýrafjarðargöngum, er lokahnykkurinn við gerð heilsárshringvegur um Vestfirði.



Niðurstöður útboða

Yfirlagnir á Suðursvæði 2018, klæðing seinni hluti 18-085

Tilboð opnuð 5. júní 2018. Yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði 2018.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir með einföldu lagi klæðingar	260.390 m ²
Flutningur steinefna	3.481 m ³
Flutningur bindiefna	449 tonn

Verkinu skal lokið fyrir 1. september 2018.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Munck Íslandi ehf., Kópavogi	103.092.829	163,4	28.593
2 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	79.096.915	125,4	4.597
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	74.500.000	118,1	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	63.100.000	100,0	-11.400

Endurbætur, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði 18-077

Tilboð opnuð 29. maí 2018. Endurbætur á húseigninni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði. Helstu verkþættir eru endurnýjun þakvirkis og klæðning utanhúss ásamt einangrun og endurnýjun á gluggum á austurhúsi. Innanhúss er rif á gólfefnum, loftum, milliveggjum og klæðingu innan á útveggi.

Helstu magntölur eru:

Þakvirki - endurnýjun	380 m ²
Utanhússklæðning	290 m ²
Endurnýjun glugga	75 m ²
Rif innanhúss	475 m ²

Verktími er 1. júní - 30. október 2018.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Launafi ehf., Reyðarfirði	87.089.186	149,3	17.135
1 Og Synir ehf., Reyðarfirði	69.954.410	120,0	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	58.318.400	100,0	-11.636

Ölduspá fyrir Breiðafjörð nýtt hafsvæði með ölduspá á grunnslóð


Áður birt á vegagerdin.is 04.05.2018.

Vegagerðin hefur nú bætt við nýju hafsvæði í upplýsingakerfið *Vedur og sjólag* undir liðnum *Ölduspá á grunnslóð* á heimasíðu sinni. Um er að ræða Breiðafjörð, en fyrir eru ölduspár fyrir Faxaflóa, Skjálfanda, Grynslin við Hornafjörð og svæðið milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar.

Tilgangur ölduspáa á grunnslóð er að auka öryggi sjófarenda þar sem búast má við mikilli umferð fiskiskipa auk fristunda-, útsýnis- og hvalaskoðunarskipa. Á úthafi þar sem botnáhrifa gættir ekki, er ölduspáin byggð á vedurupplýsingum frá Evrópsku vedurstofunni í Reading, ECMWF. Nær landi þar sem sjávardýpi hefur áhrif á útbreiðslu öldunnar þarf að nota öldufarsreikninga og setja upp nákvæm reiknilíkön

sem taka mið af botni og öldufari á djúpsævi. Slíkt líkan keyrir nú tvisvar á sólarhring og birtir spá fjóra daga fram í tímann. Hægt er að velja um myndir af ölduhæð, sveiflutíma öldu og öldustefnu. Kortið fyrir Breiðafjörð sýnir enn fremur staðsetningu öldudufns við Flatey. Þannig fæst tenging ölduspákerfisins við rauntímamælingar dufnsins og eru þær sýndar í töflu undir myndinni.

Vonast er til að þessi viðbót nýtist þeim sem sigla um Breiðafjörð og hafi þeir athugasemdir eru þeir hvattir til að koma með ábendingar. Upplýsingakerfið *Vedur og sjólag* er í stöðugri þróun, sjófarendum til hagsbóta, og má búast við frekari umbótum og fleiri hafsvæðum á næstu misserum. ■



Seifur, nýr öflugur dráttarbátur á Norðurlandi

Svipaður texti var áður birtur á vegagerdin.is 10.06.2018. Þar má finna tengingu á pdf skjal með fjölda mynda af skipinu.

Hafnasamlag Norðurlands fékk til landsins nýjan og öflugan dráttarbát 10. júní sl. en báturinn hefur verið í smíðum síðastliðið ár í skipasmíðastöðinni Armon í norðurhluta Spánar. Nýr dráttarbátur fyrir Hafnasamlag Norðurlands hefur verið inni á samgönguáætlun en smíði hans er styrkt um tæp 60% af hafnabótasjóði.

Báturinn verður með 42 tonna togkraft og því fjórfalt öflugri en sá sem fyrir er. Hann er 22 metra langur og 9 metra breiður. Báturinn er búinn azimuth skrifubúnaði og verður öflugasti dráttarbátur landsins. Hann er með tveimur Cummins vélum 1193 kW. Azimuth skrifur er hægt að láta snúast í hring og

eykur það stjórnhæfni bátsins verulega. Báturinn er búinn sprautu til slökkva eld og 25 tonnetra þilfarskrana.

Með því að festa kaup á svo öflugum dráttarbát er svarað kalli breyttra tíma, skipin stækka og núverandi dráttarbátar hafa ekki verið nógur öflugir fyrir Hafnasamlagið. Með tilkomu nýja bátsins eykst öryggið til muna og þjónustugildið eykst gríðarlega. Einnig opnast möguleikar á að þjónusta aðrar hafnir á Norðurlandi eins og t.d. Húsavíkurhöfn en mikil þörf er á þjónustu dráttarbáts þar eftir að stóriðjan á Bakka opnaði.

Kaupverðið á bátinum er um 490 m.kr. og er það á pari við kostnaðaráætlun. Báturinn hefur hlotið nafnið Seifur. ■

Niðurstöður útboða

Yfirlagnir á Suðursvæði, Hellisheiði – Selfoss 2018, malbik 18-083

Tilboð opnuð 5. júní 2018. Yfirlagnir með malbiki á Suðursvæði 2018, Hellisheiði – Selfoss.

Helstu magntölur:

Útlögn malbiks	127.500 m ²
Hjólfarafylling	2.700 m ²
Fræsing	42.700 m ²

Verkinu skal lokið fyrir 1. september 2018.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík	492.613.940	115,0	61.014
1 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	431.599.970	100,8	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	428.300.000	100,0	-3.300

Yfirlagnir á Suðursvæði, höfuðborgarsvæði – Reykjanes 2018, malbik 18-084

Tilboð opnuð 5. júní 2018. Yfirlagnir með malbiki á Suðursvæði 2018, höfuðborgarsvæði – Reykjanes.

Helstu magntölur:

Útlögn malbiks	72.000 m ²
Hjólfarafylling	30.000 m ²
Fræsing	17.000 m ²

Verkinu skal lokið fyrir 1. september 2018.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík	322.936.820	117,4	41.063
1 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	281.873.905	102,5	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	275.100.000	100,0	-6.774

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), Breiðamerkurlón, Hólá og Stigá, hraðútboð 18-080

Tilboð opnuð 25. maí 2018. Hækkun og breiðkun á þremur köflum Hringvegjar í Öræfasveit. Kaflarnir eru beggja megin brúa yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi, Hólá og Stigá, en verið er að byggja nýjar brýr yfir þær tvær síðarnefndu. Verkinu er skipt í tvo verkhluta og er bjóðendum heimilt að gera tilboð í annan hvorn verkhlutann eða báða. Verkkaupi mun taka lægsta tilboði sem uppfyllir kröfur útboðslýsingar í hvorn verkhluta fyrir sig.

Helstu magnþölur eru:

Verkhluti 1: Breiðamerkurlón

Fylling úr skeringum	1.160 m ³
Fylling úr námu	5.790 m ³
Ræsalögn	27 m
Styrktarlag	3.340 m ³
Burðarlag	1.035 m ³
Tvöföld klæðing	5.690 m ²

Verkhluti 2: Hólá-Stigá

Fylling úr skeringum	2.990 m ³
Styrktarlag	2.785 m ³
Burðarlag	1.070 m ³
Tvöföld klæðing	6.050 m ²

Öllum þáttum við gerð vegar við Stigá skal lokið fyrir 20. júlí 2018 og verkinu öllu fyrir 10. september 2018.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
Verkhluti 1: Breiðamerkurlón:				
1	Jökulfell ehf., Höfn	45.953.516	135,5	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	33.916.000	100,0	-12.038
Verkhluti 2: Hólá - Stigá:				
1	Jökulfell ehf., Höfn	32.636.185	131,9	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	24.738.000	100,0	-7.898



Hringvegur um Jökulsá á Breiðamerkursandi

Opnuð hafa verið tilboð í endurbætur á Hringvegi við Jökulsárlón til að bæta þar umferðaröryggi vegna mjög vaxandi umferðar þar um einbreiða brú með blindhæð.

Jökulsárlón er með fjölsóttari ferðamannastöðum landsins og árið 2017 hafði árdagsumferð þar um vaxið um 285% frá 2013. Árið 2017 var árdagsumferð áætluð um 1.283 bílar á dag, sumardagsumferð um 1.927 bílar á dag (aukning um 214% frá 2013) og vetrardagsumferð um 823 bílar á dag (aukning um

508% frá 2013). Einstaka daga er umferðin umtalsvert meiri.

Vegagerðin áformar því á að setja upp umferðarstýringu með umferðarljósum við brúna. Vegna umferðastýringar þarf að breyta núverandi vegtengingum og hækka veginn á um 150 m kafla beggja megin brúar til að bæta vegsýn við brúna.

Í skipulagsdrögum af svæðinu er gert ráð fyrir um 100 m langri bráðabirgðavegtengingu að núverandi þjónustusvæð-

inu ofan vegar austan ár og annari vegtengingu að fyrirhuguðu bílastæði neðan vegar vestan ár. Vegtengingar eru færðar frá brúarendum vegna umferðarstýringarinnar. Fyrstu vegtengingu vestan ár, ofan vegar, verður lokað

Á staðfestu deiliskipulagi er síðan gert ráð fyrir vegtengingu að nýju þjónustusvæði um 600 m austan Jökulsár. ■



Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), hringtorg við Esjumela 18-078

Tilboð opnuð 12. júní 2018. Gerð hringtorgs á Hringvegi við Esjumela auk allra vega og stíga sem nauðsynlegir eru til að ljúka gerð vegaframkvæmdanna endanlega. Til framkvæmdanna teljast einnig undirgöngur undir Hringveg, strætóbíðstöðvar við Hringveg, gerð Víðinesvegjar á um 600 m kafla og gerð Norðurgrafarvegjar að Lækjarmel/Esjumel. Einnig er innifalin gerð göngu- og reiðstíga. Þá er gerð heimkeyrsla við Víðinesveg hluti verksins. Einnig eru innifaldar breytingar á lagnakerfum veitufyrirtækja, m.a. færsla rafstrengja með háspennu á um 500 m kafla, sem og nýlagnir.

Helstu magntölur eru:

Jarðvinna og vegagerð:

Rif malbiks og steypu	7.000 m ²
Bergskeringar	3.000 m ³
Ónothæfu efni ekið á losunarstað	12.000 m ³
Fyllingar í vegagerð	15.000 m ³
Fláafleygar	8.000 m ³
Ofanvatnsræsi	500 m
Styrktarlag	10.000 m ³
Burðarlag	3.000 m ³
Malbik	17.000 m ²
Gangstígar	1.700 m ²
Reiðstígar	2.400 m ²
Vegrið	300 m
Götulýsing, skurðgröftur og strengur	2.500 m
Ljósastaurar	70 stk.

Undirgöngur undir Hringveg:


Mótafetir	260 m ²
Járnalögn, slakbending	10.000 kg
Steypa	80 m ³
Vatnsvarnarlag undir malbik	150 m ²
Sigplötur, einingar	20 stk.
Forsteypar einingar, 1 m á breidd	22 stk.

Lagnir fyrir veitur:

Skurðir fyrir veitulagnir	3.200 m ³
Losun á klöpp í skurðum	250 m ³
Ídráttarrör og fjölpípur	2.000 m
Jarðvör	2.200 m
Vatnslögn	350 m
Hítaveitulögn	1.000 m

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. nóvember 2018.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Bjössu ehf., Hafnarfirði	546.044.900	139,7	112.978
3	Ístak hf., Mosfellsbæ	487.957.327	124,8	54.891
2	Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	457.400.000	117,0	24.334
1	PK verk ehf., Kópavogi	433.066.454	110,8	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	391.000.000	100,0	-42.066



Hringvegur (1), vegamót við Norðurgrafarveg (4530) og strætóbíðskýli í júní 2018.



Brúargerð á Gígjukvísl 1998.

Gígjukvísl á Skeiðarársandi

Brúin sem nú er á Gígjukvísl á Skeiðarársandi á Hringvegi (1) var byggð 1998 í kjölfar eldgoss í Gjálpi í Vatnajökli 1996 og stórhlaups sem tók af brúna frá 1974.

Síðan hafa orðið breytingar á jökulsporðum sem valda því að vatn sem áður rann í farvegi Skeiðarár og Súlu hefur fært sig vestar og kemur nú að mestu niður farveg Gígjukvíslar.

Þetta aukna vatnsmagn hefur rótað upp sandbotninum undir brúnni og grafið farveginn niður um 6-8 metra. Þegar brúin var byggð voru sökklarnir á kafi í sandi en nú standa þeir talsvert yfir botninum og niðurrekstrarstaurarnir eru berir undir þeim. Þetta lítur að sjálfsögðu ekki vel út en þess ber að geta að burðarþol brúarinnar er lítið skert þrátt fyrir þessa

áraun. Brúin er hönnuð þannig að staurarnir taka upp allt lóðrétt álag. Það er hins vegar ekki gott að undirstöðurnar séu berskjaldaðar fyrir lárétu álagi og því hefur verið bruggðist við þessu með því að grjótvörja sökklana en settir hafa verið um 8.000 m³ af grjóti í þessar varnir. Farvegurinn hefur einnig dýpkað við varnargardana og þar hefur grjótvörnin verið færð niður um 4-5 m. Þar hefur því ekki þurft að bæta við grjóti.

Sigurður Gunnarsson á Hnappavöllum sendi okkur þessar myndir af framkvæmdum 10. maí sl. og aðrar af brúnni fyrir og eftir framkvæmdir. Hann lét þess getið að tækjamaður hefðu verið Helgi Grétar Kjartansson sem raðaði grjótinu en Ármann Daði Gíslason mokaði að honum. ■



Niðurstöður útboða

Hringvegur (1) um Ölfusá, sandblástur og málun grindar 18-079

Tilboð opnuð 29. maí 2018. Sandblástur og málun á brú yfir Ölfusá.

Helstu magnþölur eru:

Sandblástur	1.511 m ²
Málun	1.511 m ²
Varnir	270 m

Verklok eru 25. ágúst 2018.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Ístak hf., Mosfellsbæ	92.438.476	249,8	27.647
1	Verkvík-Sandtak, Hafnarfirði	64.791.600	175,1	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	37.000.000	100,0	-27.792

Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2018, malbik 18-009

Tilboð opnuð 23. maí 2018. Yfirlagnir með malbiki á Norðursvæði og Austursvæði árið 2018.

Helstu magnþölur:

Útlögn malbiks	32.839 m ²
Hjólfarafylling og afrétting	16.148 m ²
Fræsing	16.678 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2018.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas ehf., Hafnarfirði	264.943.550	116,0	7.105
1	Malbikun Akureyrar, Akureyri	257.838.400	112,9	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	228.414.000	100,0	-29.424

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða á Utboodsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	Opnað:
18-088 Landeyjahöfn, endurbætur 2018	2018	
18-082 Sementsfestun og þurrfræsing á Norðursvæði og Vestursvæði 2018	2018	
18-075 Sementsfestun og þurrfræsing á Vestursvæði	2018	
18-065 Varnargarður í Jökulsá á Fjöllum við Skjálftavatn í Kelduverfi	2018	
18-059 Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95), Skriðuvatn – Axarvegur	2018	
16-088 Langavatnsvegur (553), Hringvegur – Þjónustuhús löju	2018	
18-031 Djúpvvegur (61), Leiti – Eyri	2018	
18-033 Snæfellsnesvegur (54), Valavatn – Útnesvegur	2018	
18-032 Skorraddalsvegur (508), Vatnsendahlíð – Dagverðarnes	2018	
18-025 Hringvegur (1), rofvörn við Norðurá í Skagafirði	2018	
18-024 Vatnsnesvegur (711) um Tjarnará	2018	
18-015 Efniskaup steinefna, allt landið 2018	2018	
18-014 Efnisvinnsla á Austursvæði 2018	2018	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
18-089 Skagaströnd, flotbryggjur 2018	11.06.18	26.06.18
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
18-084 Yfirlagnir á Suðursvæði, höfuðborgarsvæði - Reykjanes 2018, malbik	22.05.18	05.06.18
18-083 Yfirlagnir á Suðursvæði, Hellisheiði - Selfoss 2018, malbik	22.05.18	05.06.18
18-085 Yfirlagnir á Suðursvæði 2018, klæðing seinni hluti	21.05.18	05.06.18
18-078 Hringvegur (1), hringtorg við Esjumela	28.05.18	12.06.18
18-080 Hringvegur (1), Breiðamerkurhlóan Hólá, Stigá, hraðútboð	14.05.18	24.05.18
18-077 Endurbætur, Búðareyri 11-13	10.05.18	25.05.18
18-009 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2018, malbik		2018
18-073 Grafningsvegur (360), Hagavík – Nesjavellir	30.04.18	15.05.18
18-057 Yfirlagnir á Ísafirði og nágrenni 2018, malbik 2018	30.04.18	15.05.18
18-072 Dagverðareyruvegur (816), Hlaðir – Tréstaðir	30.04.18	15.05.18
18-069 Skagaströnd, smábáthöfn	24.04.18	08.05.18
18-005 Hjólafarafyllingar og axlaviðgerðir, Suðursvæði og Austursvæði 2018	18.04.18	03.05.18
18-064 Grindavík, dýpkun	16.04.18	03.05.18
18-063 Arnarvatnsvegur (F578), brú á Norðlingafliót	16.04.18	03.05.18
18-051 Vetrarþjónusta 2018-2021, Raufarhafnarvegur – Bakkafjörður	10.04.18	25.04.18
18-049 Vetrarþjónusta 2018-2021, Tjörn – Möðrudalsleið	10.04.18	25.04.18

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
18-047 Vetrarþjónusta 2018-2021, Vaðlaheiðargöng – Einarstaðir	10.04.18	25.04.18
18-046 Vetrarþjónusta 2018-2021, Eyjafjörður að austan	10.04.18	25.04.18
18-045 Vetrarþjónusta 2018-2021, Eyjafjörður að vestan	10.04.18	25.04.18
18-044 Vetrarþjónusta 2018-2021, Ketilás – Héðinsfjarðargöng	10.04.18	25.04.18
18-041 Vetrarþjónusta 2018-2021, Hvammstangi – Blönduós	10.04.18	25.04.18
118-042 Vetrarþjónusta 2018-2021, Sauðárkrókur – Ketilás	10.04.18	25.04.18
18-050 Vetrarþjónusta 2018-2021, Lón – Raufarhöfn	10.04.18	25.04.18
18-040 Vetrarþjónusta 2018-2021, Holtavörðuhéiði – Hvammstangavegamót	10.04.18	25.04.18
18-043 Vetrarþjónusta 2018-2021, Sauðárkrókur – Blönduós	10.04.18	25.04.18
18-048 Vetrarþjónusta 2018-2021, Kross – Húsavík – Lón	10.04.18	25.04.18
18-062 Vetrarþjónusta Vestur-Skaftafellssýslu 2018-2021, Kirkjubæjarklaustur – Fagurhólsmýri	09.04.18	24.04.18
18-061 Vetrarþjónusta Vestur-Skaftafellssýslu 2018-2021, Vík – Kirkjubæjarklaustur	09.04.18	24.04.18
18-060 Vetrarþjónusta Vestur-Skaftafellssýslu 2018-2021, Eyjafjöll – Vík	09.04.18	24.04.18
18-019 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Reyðarfjörður – Breiðdalsvík	09.04.18	24.04.18
18-027 Vetrarþjónusta 2018-2021, Fróðarheiði og Útnesvegur	09.04.18	24.04.18
18-037 Vetrarþjónusta um Fjarðarheiði	09.04.18	24.04.18
18-018 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Breiðdalsvík – Djúpvogur	09.04.18	24.04.18
18-016 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Höfn – Örafi	09.04.18	24.04.18
18-022 Vetrarþjónusta á Fljótsdalshéraði	09.04.18	24.04.18
18-021 Vetrarþjónusta Norðfjarðarvegur (92) um Fagradal	09.04.18	24.04.18
18-017 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Hornafjörður – Djúpvogur	09.04.18	24.04.18
18-023 Vetrarþjónusta á Vopnafirði	09.04.18	24.04.18
18-020 Vetrarþjónusta Norðfjarðarvegur (92), Reyðarfjörður – Neskaupstaður	09.04.18	24.04.18
18-076 Skaftártunguvegur (208), vegur um Eldvatn	02.04.18	24.04.18
18-052 Skaftártunguvegur (208), brú á Eldvatn	02.04.18	24.04.18
18-012 Efnisvinnsla á Vestursvæði 2018	26.03.18	17.04.18
18-002 Yfirlagnir á Vestursvæði 2018, klæðing	26.03.18	10.04.18
18-054 Tímabundin salernisaðstaða á áningarstöðum 2018-2020	19.03.18	04.04.18
18-034 Endurbætur á Þingvallavegi (36) um Þjóðgarðinn	05.03.18	20.03.18

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
18-028 Vetrarþjónusta 2018-2021, Dalasýsla Kólur ehf., kt. 700189-2609	24.04.18	24.05.18
18-030 Vetrarþjónusta 2018-2021, Djúpvvegur: Reykjanes – Bolungarvík Steypustöð Ísafjarðar, kt. 610307-0350	24.04.18	25.05.18
18-026 Vetrarþjónusta 2018-2021, Vatnaleið og Snæfellsnesvegur BB og synir ehf., 580602-3470	24.04.18	24.05.18
18-056 Sementsfestun og þurrfræsing á Norðursvæði Borgarverk ehf., kt. 540674-0279	24.04.18	23.05.18
18-029 Vetrarþjónusta 2018-2021, Djúpvvegur: Reykhólasveit – Reykjanes Björn Halldórs Sverrisson, kt. 160455-2929	24.04.18	30.05.18
18-055 Yfirborðsmerkingar kantlínur 2018, Suður-, Vestur-, Norður- og Austursvæði EKC Sweden AB, kt. 460716-1360	24.04.18	17.05.18

Samningum lokið, framhald	Opnað:	Samið:
18-004 Yfirlagnir á Austursvæði 2018, klæðing Klæðir ehf., kt. 580609-1630	27.03.18	30.05.18
18-038 Brú á Norðlingafliót, smíði stálbita Munck Íslandi ehf., kt. 701013-0340	27.03.18	23.03.18
18-053 Hafnarvegur (44), vegtenging við Reykjanesbraut ÍAV hf., kt. 660169-2379	10.04.18	15.05.18
18-058 Sandgerðishöfn Suðurgarður, endurbygging stálþils Lárus Einarsson sf. kt. 540283-0369	10.04.18	06.06.18
Öllum tilboðum hafnað		
18-079 Hringvegur (1) um Ölfusá, sandblástur og málun grindar	14.05.18	29.05.18
Engin tilboð bárust		
18-066 Reykjanesbraut (41), vegamót við Hafnarfjarðarveg	14.05.18	29.05.18



Bjarnarfjarðará í Strandasýslu, brú í byggingu 10. júní. Drónamynd: Hersir Gíslason.

Þá . . .



. . og nú



Skarðslækur á Vesturlandsvegi, Hringvegi (1), neðan við Svignaskarð í Borgarfirði. Gamla myndir er tekin 1957. Brúin var byggð 1948 og kom þá í staðinn fyrir eldri brú sem sést til hægri. Brúin og þessi hluti vegarins var aflagður þegar nýr vegur var byggður 1988, sjá til vinstri á yngri myndinni. Yngri myndin var tekin 18. ágúst 2015. Svona hverfur vegurinn á 30 árum. Líklega er þessi gróður að mestu sjálfsprottinn.